

Nefndasvið alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 28. október 2022
Tilvísun: M22100528 / 00.08.00 Almennt

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til breytinga á lögum um farþega- og farmflutninga á land nr. 28/2017. Þingskjal 282 - 279. mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 17. okt. sl., þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til breytinga á lögum um farþega- og farmflutninga á land nr. 28/2017.

Meginefni frumvarpsins felur m.a. í sér rekstrarleyfi til farþegaflutninga vegna ferðapjónustu.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa hefur ekki efnislegar athugasemdir við frumvarið en telur breytingar til einföldunar rekstrarleyfa til bóta.

Ferðamálastofa gerir hins vegar athugasemdir við 10. gr. laganna, um að umsækjandi um leyfi til farþegaflutninga í tengslum við ferðapjónustu skuli hafa annað hvort leyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa, þar sem heiti **ferðaskipuleggjanda** var breytt með lögum nr. 96/2018 um Ferðamálastofu. Leyfið heitir nú **leyfi ferðasala dagsferða**. Sá sem starfaði fyrir lagabreytinguna 2018 sem ferðaskipuleggjandi heitir nú ferðasali dagsferða. Sá sem starfar sem skipuleggjandi samkvæmt núverandi löggjöf, lögum nr. 95/2018 um Ferðamálastofu og 96/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, fellur undir lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og er skylt að vera með ferðaskrifstofuleyfi.

Í ljósi þess að leyfi ferðaskipuleggjanda er ekki lengur til þá leggur Ferðamálastofa til að hugtakinu „**ferðaskipuleggjandi**“ í 2. ml. 1. mgr. 10. gr. laganna um farþega- og farmflutninga á landi, verði breytt í „**ferðasali dagsferða**“.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnslusviðs.

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Innviðaráðuneyti**
Dagsetning: **17.11.2022**
Málsnúmer: **IRN22050078**
Bréfalykill: **3.1**
Tilgangur: Til ákvörðunar Til upplýsingar
 Til undirritunar Skv. beiðni ráðherra

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - 153. löggjafarþing

Í minnisblaði þessu er að finna upplýsingar úr kostnaðarmati vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, með síðari breytingum. Minnisblaðið er ritað að beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Í áhrifamati sem unnið var í innviðaráðuneytinu vegna frumvarpsins kemur fram að Samgöngustofa innheimtir gjald fyrir útgáfu almenns rekstrarleyfis til farmflutninga á landi með ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 3,5 tonn og leyfilegur hámarks hraði ökutækjanna er 45 km á klst. eða meiri. Aðeins er stefnt að því að útvíkkun gildissviðs reglna um leyfissskylda farmflutninga taki til flutninga með ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd ökutækis er yfir 2,5 tonn en ekki meiri en 3,5 tonn þegar slíkir flutningar fara fram á milli ríkja. Vegna landfræðilegrar legu Íslands fara slíkir flutningar aðeins fram í verulega litlum mæli, ef einhverjum.

Komi til þess að aukning verði á útgáfu leyfa er kostnaði vegna þess mætt með gjaldtöku.

Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins er snúa að einföldun leyfifyrirkomulags hafi teljandi áhrif á útgjöld eða tekjur ríkisins.

Með vísan til framangreinds er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa óveruleg áhrif á útgjöld og tekjur ríkisins.